



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningarinnar  
Svipmyndir úr Norðursiglingum  
Víkin  
Sjóminjasafnið í Reykjavík  
7. júlí 2010**

Góðir sýningargestir

Þótt Íslendingar væru ekki þáttakendur í síðari heimstyrjöldinni á sama hátt og flestar aðrar þjóðir í Evrópu mótaði hún samfélag okkar á djúpstæðan hátt, skóp tengsl við umheiminn annarrar gerðar en áður þekktust.

Koma breska hersins 10. maí 1940, flotans sem birtist hér utan við höfnina þar sem við erum nú saman komin, markaði þáttaskil og útvarpsávarp Hermanns Jónassonar forsætisráðherra sama kvöld lýsti vel viðhorfum þjóðarinnar. Bandarískar liðsveitir leystu svo hinar bresku af hólmi og áhrifa þessara gistiherja gætti stríðsárin um landið allt.

Þótt margt hafi verið ritað um sögu stríðsárranna höfum við af ýmsum ástæðum vanrækt að gera ítarleg skil þeim hildarleik sem skapar Íslandi og hafinu í kring svo áhrifaríkan sess. Sá kafli sögunnar snýst öðru fremur um hinar svonefndu Norðursiglingar, Arctic Convoys, skipalestir sem voru burðarás í sameiginlegri baráttu Sovétríkjanna og bandalagsríkja þeirra gegn Þýskalandi nasismans; skipalestir sem færðu hergögn og matvæli, varning sem brýnt var að kæmist til Rússa, alla leið til Múrmansk; þess hluta Sovétríkjanna sem sveitir nasista höfðu ekki girt af með herjum sínum.

Ísland lék lykilhlutverk í ferðum þessara skipalesta og nokkrir landsmenn okkar voru þar virkir þáttakendur.

A few years ago veterans of the Soviet fleet came to Iceland to express their appreciation to the Icelandic people and to encourage collaboration on the promotion of the memories of the Arctic Convoys,

their impressive contribution to the victory that was finally realized during the World War.

They appointed our good friend, seaman and humanitarian, the late Pétur H. Ólafsson, as a special representative in these endeavors – may God bless his soul – and invited him to Murmansk where he was received with great honor.

Together we succeeded in calling an international conference: *The Arctic Convoys: A lifeline Across the Atlantic*, which took place at the University of Iceland in the summer of 2008. It was a venue of experts and academics from several countries, and of the participants in the Arctic Convoys who were still alive. The embassies of Russia, the United States, Canada, the United Kingdom, Norway and Denmark also contributed to the success of the conference.

The memorial at the Fossvogur Cemetery, which was unveiled on 9 May 2005, is furthermore a symbol of the efforts of Russia and us all in honoring the heroes who sacrificed their lives.

Here, today, we are able to revisit this interesting history through the photographs of Robert Lvovich Diament. They tell a unique story of dramatic events and heroism.

A Soviet admiral referred to Robert as the head-photographer of the Arctic convoys and his works have a place of honor in the preservation of this history. He participated in dangerous voyages on board frigates as well as submarines, in fact on most types of military vessels; witnessed battles and rescue missions. The photographer did not only look through the lens of his camera. He was also a participant who saw heroic actions with his artistic eye.

Myndir Diaments og annarra ljósmyndara sem hér eru sýndar eru sögulegur fjársjóður og ég fær Sjóminjasafninu í Reykjavík, Íslandsvininum Alexander Borodin, rannsóknarfyrirtæki hans Neptune, og öðrum sem hér hafa lagt hönd á plóg einlægar þakkir fyrir að færa okkur þessa sýningu og lýsi hana hér með opnaða.